



GÆÐA- OG EFTIRLITSSTOFNUN
VELFERÐARMÁLA

**Rannsókn
vegna
alvarlegs óvænts
atviks í sumardvöl
í Reykjadal**

Júní 2023

Reykjavík, 1. júní 2023.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála
Suðurlandsbraut 24, 5. hæð
105 Reykjavík.

www.gev.is
gev@gev.is

Samantekt

Markmið rannsóknar á alvarlegu óvæntu atviki:	Leita skýringa á atviki sem geta nýst til að koma í veg fyrir að sambærileg atvik eigi sér stað.
Hið alvarlega óvænta atvik:	Tilkynnt er um að notandi þjónustu; barn í sumardvöl í Reykjadal, hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu þroskaskerts starfsmanns í verndaðri vinnu.
Skýring á hinu alvarlega óvænta atviki:	Notandi þjónustu og starfsmaður í verndaðri vinnu eru án eftirlits í skamma stund á heimfarardegi.
Umbætur til að koma í veg fyrir sambærilegt atvik:	Útbúa skýrar verklagsreglur um hvernig eftirliti og viðveru starfsmanna skuli vera háttáð svo notandi þjónustu sé ekki skilinn eftir án eftirlits, sér í lagi á annatíma í starfseminni.
Umbætur til að tryggja rétt viðbrögð í kjölfar alvarlegs óvænts atviks:	Útbúa skýrar verklagsreglur um fyrstu viðbrögð starfsmanna og upphafsáðgerðir, þ.m.t. fræðslu og þjálfun til starfsmanna, þegar upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi.
Eftirfylgni í kjölfar rannsóknar GEV á hinu alvarlega óvænta atviki:	Frumkvæðiseftirlit GEV á starfsemi Reykjadals til að tryggja að framangreindar umbætur í starfseminni komi til framkvæmda.

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	2
1. INNGANGUR.....	4
2. MÁLSATVIK.....	6
3. FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR.....	8
3.1 Upplýsingabeiðni GEV til SLF vegna alvarlegs atviks í Reykjadal	8
3.2 Eftirlitsskýrsla fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar	10
3.3 Mótun frumskýrslu, samráð og athugasemdir vegna rannsóknar	10
3.3.1 Athugasemdir foreldra barns.....	11
3.3.2 Athugasemdir réttindagæslumanns fatlaðs fólks	13
3.3.3 Athugasemdir frá SLF.....	13
3.3.4 Upplýsingar frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu	15
4. NIÐURSTÖÐUR	16
4.1 Skýringar á hinu alvarlega óvænta atviki	16
4.2 Umbætur til að koma í veg fyrir sambærilegt atvik.....	16
4.3 Umbætur til að tryggja rétt viðbrögð í kjölfar alvarlegs óvænts atviks.....	17
4.4 Eftirfylgni í kjölfar rannsóknar GEV á alvarlegu óvæntu atviki	17

1. Inngangur

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) hefur það að markmiði að efla og samræma faglegt eftirlit með gæðum velferðarþjónustu og tryggja þar með að sú þjónusta sem lýtur eftirliti stofnunarinnar sé traust, örugg og í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga. Verkefni stofnunarinnar eru meðal annars að þróa gæðaviðmið á grundvelli bestu mögulegu þekkingar á málaflokkum á verkefnasviði GEV, hafa eftirlit með gæðum þjónustu sem lýtur eftirliti stofnunarinnar, taka á móti og vinna úr kvörtunum frá notendum þjónustu, ábendingum um misbrest í þjónustu auk þess að rannsaka tilkynningar um alvarleg óvænt atvik.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (lög um GEV), fer stofnunin meðal annars með eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Allir sem veita þjónustu sem lýtur eftirliti GEV skulu samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um GEV skrá óvænt atvik. Með óvæntu atviki er átt við óhappatívik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa notanda þjónustu tjóni eða hefðu getað valdið notandanum tjóni.

Þeim þjónustuveitendum sem lúta eftirliti GEV er skylt að tilkynna stofnuninni án tafar um alvarleg óvænt atvik, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga um GEV. Með alvarlegu óvæntu atviki er átt við atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið notanda þjónustu varanlegu líkamlegu eða andlegu tjóni eða orðið honum að bana. Þegar GEV berst tilkynning um alvarlegt óvænt atvik er stofnuninni skylt að hefja rannsókn á atvikinu en við meðferð máls hefur stofnunin heimild til að afla allra upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru fyrir eftirlit stofnunarinnar, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um GEV, sbr. einnig 15. gr. sömu laga. Áréttað er í athugasemdum við 12. gr., sem fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum nr. 88/2021, að ef athugun á alvarlegu óvæntu atviki leiðir í ljós tilefni til að skoða önnur atvik getur stofnunin hafið frumkvæðiseftirlit samkvæmt 14. gr. laga um GEV.

Í ofangreindum athugasemdum kemur enn fremur fram að markmið rannsóknar sé að leita skýringa sem geti nýst til að koma í veg fyrir að sambærileg atvik eigi sér stað. Kemur einnig fram að leggja beri ríka áherslu á að afmarka og framkvæma rannsókn með opnum og heildstæðum hætti. Rannsókn sé því ekki bundin við að leiða í ljós ábyrgð tiltekinn einstaklinga heldur skuli meta alla samverkandi þætti. Þá er áréttað að í ljósi markmiðs rannsóknar hafi þólandi atviks ekki beina aðkomu eða aðild að rannsókn GEV á alvarlegu óvæntu atviki. Þó skuli leitast við að hafa samráð við þólanda og alla hlutaðeigandi eftir atvikum. Að lokum kemur fram að ef rannsókn á alvarlegu óvæntu atviki bendi til refsiverðrar háttsemi skuli beina ábendingu um slíkt til lögreglu. Við meðferð þessara mála hjá GEV skuli því í hvítetna gæta að meginreglum sakamálaréttarfars, þ.m.t. um bann við endurtekinni málsmeðferð til úrlausnar um refsiverða háttsemi.

Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um GEV skal stofnunin ljúka umfjöllun um hið alvarlega óvænta atvik með skýrslu sem skal birt, eftir því sem unnt er, eða útdrátt úr henni, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um GEV.

2. Málsatvik

Hinn 11. ágúst 2022 bárust símleiðis til GEV upplýsingar um að alvarlegt atvik hefði átt sér stað þann 9. ágúst 2022 í starfsemi sumarþúða Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra (SLF) í Reykjadal, þar sem rekin er sumar- og helgardvöl fyrir börn og ungmenni sem þurfa sérstaka þjónustu. Í kjölfarið hafði forstjóri GEV samband símleiðis við framkvæmdastjóra SLF og leiðbeindi um skyldu SLF til að tilkynna GEV formlega um hið alvarlega óvænta atvik. Degi síðar eða þann 12. ágúst 2022 barst GEV tilkynning um atvikið frá SLF. Í tilkynningunni og meðfylgjandi atvikalýsingu kom fram að grunur væri á að notandi þjónustu, þ.e. barn í sumardvöl, hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Meintur gerandi væri þroskaskertur starfsmaður (hér eftir: starfsmaður C) í verndaðri vinnu í Reykjadal á vegum ÁSS styrktarfélags. Starfssvæði hans hafi að mestu verið utandyra við garðvinnu en einnig hafi hann aðstoðað í matsal.

Samkvæmt gögnum málsins átti hið alvarlega óvænta atvik sér stað með þeim hætti að á meðan starfsfólk var að aðstoða börn og ungmenni við að ganga frá eigum sínum fyrir heimför hafi starfsmaður A verið inni í herbergi barnsins að aðstoða það við að ganga frá eigum sínum. Hafi starfsmaður A þá séð eigur annars notanda inni í herbergi barnsins og þá farið út úr herberginu í skamma stund til að skila þeim til eiganda. Hafi starfsmaður A því ekki verið inni í herbergi barnsins í um fjórar til sex mínútur. Á þeim tíma hafi starfsmaður C farið inn í herbergi barnsins og lokað að sér. Starfsmaður B hafi gengið fram hjá herbergi barnsins og veitt því athygli að dyrnar voru lokaðar sem honum hafi þótt einkennilegt þar sem dyr eiga ávallt að vera opnar í Reykjadal. Starfsmaður B hafi því bankað og opnað inn í herbergið og séð þar starfsmann C og barnið inni í herberginu. Starfsmaður C hafi farið rakleitt út úr herberginu og barnið þá tjáð starfsmanni B að starfsmaður C hafi snert einkastaði sína sem barnið kvað vera brjóst og kynfæri. Þegar starfsmaður A hafi komið til baka inn í herbergi barnsins hafi starfsmaður B tafarlaust upplýst hann um atvikið og þeir svo upplýst forstöðumann Reykjadals. Forstöðumaður hafi þá komið starfsmanni C fyrir í sér herbergi til þess að tryggja að starfsmaðurinn myndi ekki umgangast barnið. Þá hafi forstöðumaður haft samband við fyrrverandi forstöðukonu Reykjadals, framkvæmdastjóra SLF, hópstjóra, móður barnsins og foreldra starfsmanns C. Þá hafi forstöðumaður einnig samband við réttindagæslumann fatlaðs fólks í gegnum samskiptaforritið *Messenger* og óskað eftir því að hann hefði samband og að málið væri aðkallandi. Réttindagæslumaður hafði samband símleiðis og meðal annars leiðbeint um að tilkynna yrði málið til lögreglu og barnaverndar og að mikilvægt væri að réttindagæslan hefði aðkomu að málinu til að gæta að réttindum aðila.

Í kjölfar tilkynningar um atvikið hafi framkvæmdastjóri SLF haft samband við stjórnarmann SLF. Þá hafi einnig verið haft samband við starfsmann Reykjavíkurborgar sem samkvæmt tilkynningu þekkir vel til Reykjadals og málaflokks fatlaðra. Enn fremur hafi verið haft samband við fyrrum framkvæmdastjóra Þroskahjálpar. Eftir að foreldrar barnsins komu á svæðið áttu þau fund með forstöðumanni Reykjadals, fyrrum forstöðukonu Reykjadals og

vaktstjóra um atvikið. Móðir barnsins hafði samband við neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis til að kanna hvort barnið þyrfti ekki að koma á neyðarmóttökuna í læknisskoðun. Í því samtali hafi móður verið leiðbeint um að hafa samband við neyðarlínu. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu móttók neyðarlína símtal klukkan 16:59:39. Fékk móðir samband bæði við barnavernd og lögreglu. Lögregla hafi samkvæmt gögnum málsins verið send á staðinn kl. 17:54. Hafi lögregla innsiglað svæðið og hófust skýrslutökur kl. 18:13.

Líkt og að framan greinir hafði forstjóri GEV samband við framkvæmdastjóra SLF 11. ágúst 2022 þar sem leiðbeint var um að tilkynna yrði um framangreint atvik til GEV sem var gert degi síðar. Þann 21. ágúst 2022 hittu starfsmenn GEV foreldra barnsins á fundi þar sem farið var yfir tilkynningu um atvikið. Degi síðar eða þann 22. ágúst 2022 bárust GEV frekari upplýsingar um atvikið frá SLF. Þann 30. ágúst 2022 sendi SLF til GEV afrit af skýrslu fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar, dags. sama dag, vegna eftirlits í Reykjadal sumarið 2022. Í framhaldinu hóf GEV frekari gagnaöflun og rannsókn á hinu alvarlega óvænta atviki í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga um stofnunina.

3. Framkvæmd rannsóknar

Gagnaöflun GEV fór fram í þeim tilgangi að safna gögnum og upplýsingum er gætu veitt skýringar á því hvers vegna hið alvarlega óvænta atvik átti sér stað. Á grundvelli upplýsinga og gagna frá Reykjadal og SLF og eftirlitsskýrslu frá fjölskyldusviði Mosfellsbæjar var unnin frumskýrsla sem var send foreldrum barnsins og SLF til umsagnar og þeim gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Í kjölfar þess að GEV bárust athugasemdir hófst úrvinnsla og greining þeirra gagna en einnig bárust GEV athugasemdir frá réttindagæslumanni fatlaðs fólks. Þá óskaði GEV einnig eftir upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Öll framangreind gögn liggja til grundvallar rannsókn GEV á hinu alvarlega óvænta atviki, sjá nánari útlistun hér að neðan.

3.1 Upplýsingabeiðni GEV til SLF vegna alvarlegs atviks í Reykjadal

Hinn 8. september 2022 sendi GEV upplýsingabeiðni til SLF vegna tilkynningar um hið alvarlega óvænta atvik í Reykjadal og bárust svör við beiðninni þann 20. október 2022.

Í beiðni GEV var óskað eftir upplýsingum varðandi eftirfarandi:

- 1. Er gerð einstaklingsbundin þjónustuáætlun fyrir notendur þjónustu hjá Reykjadal? Ef svo er, óskar stofnunin eftir afriti af þjónustuáætlun barnsins.*
- 2. Eru til verkferlar um hvernig eigi að bregðast við alvarlegum óvæntum atvikum í Reykjadal svo sem líkamlegu ofbeldi, andlegu ofbeldi eða kynferðislegu ofbeldi? Ef slíkt er til óskar stofnunin eftir að þeir fylgi svari til stofnunarinnar.*
- 3. Fer einhver fræðsla fram til starfsfólks Reykjadals og ef svo er hverskonar fræðsla er á dagskrá fyrir starfsfólki? Hvernig eru verkferlar kynntir starfsfólki?*
- 4. Hver var tilgangur með að hafa samband við starfsmann Reykjavíkurborgar, stjórnarmann SLF og fyrrverandi framkvæmdastjóra Þroskahjálpar í kjölfar atviksins líkt og fram kemur í atvikalýsingu? Hvað heita þessir einstaklingar og voru einhverjum persónugreinanlegum upplýsingum um þá sem tengjast atvikinu miðlað í þessum samtölum?*
- 5. Hver tók ákvörðum um að hringja ekki í lögreglu vegna atviksins? Fór einhver umræða um að gera slíkt fram?*
- 6. Hvaða viðbrögð, ef einhver, hafa átt sér stað hjá SLF í kjölfar atviksins?*

Í svari SLF og Reykjadals við fyrstu spurningunni í framangreindri upplýsingabeiðni GEV kemur fram að með hverjum gesti sem komi í Reykjadal fylgi greinargóð umsókn sem sé farið yfir á upplýsingafundi með starfsfólki. Í umsókn um sumardvöl sé meðal annars spurt

um stuðningsþörf þegar kemur að umönnun og í félagslegum aðstæðum. Þá sé einnig spurt um reynslu af því að fara að heiman, almennar heilsufarsupplýsingar, þ.m.t. lyf, greiningar, flog, óþol, ofnæmi og önnur veikindi. Stjórnendur Reykjadal noti þessar upplýsingar til þess að undirbúa starfsfólkið, þ.e. hvaða starfsmenn sjá um hvern. Það ríki samábyrgð í Reykjadal en hver starfsmaður sé skráður til fylgdar á einn til þrjá gesti, eftir stuðningsþörf. Eftir hvern dag sé skráð í vaktbók hvernig dagurinn hafi gengið en ef upp koma slys, atvik eða ofbeldi sé það skráð í atvikaskráningu. Í upphafi dags sé farið yfir vaktbókina frá deginum áður og dagurinn skipulagður. Í tilviki barnsins hafi það í tvígang komið í Reykjadal vorið 2022 í dagsprógramm í Jafningjasetur Reykjadal. Þegar barnið hafi svo komið í sína fyrstu sumardvöl sumarið 2022 hafi það þekkt aðstæður og starfsfólk sömuleiðis þekkt barnið. Í svari SLF kemur þó ekki fram svar við þeirri spurningu GEV hvort einstaklingsbundin þjónustuáætlun hafi verið gerð fyrir notendur þjónustu hjá Reykjadal eða fyrir umrætt barn.

Í svari SLF og Reykjadal við spurningum númer tvö og þrjú er vísað til starfsmannahandbókar þar sem meðal annars sé að finna leiðbeiningar um hvernig eigi að bregðast við og skrá atvik sem koma upp í Reykjadal. Þar séu einnig verklagsreglur er varði slys og líkamlegt ofbeldi. Þá kemur fram að unnið sé að gerð áætlunar um kynferðislegt ofbeldi í samvinnu við Barnaheill en tveir starfsmenn hafi þegar farið á námskeið hjá Barnaheillum. Viku fyrir opnun sumardvalar fari allt starfsfólk á þriggja daga undirbúningsnámskeið sem sé skylda. Þar sé farið yfir skyndihjálpar, eldvarnir, tjáskiptatækni, líkamsbeitingu í umönnun, varnarviðbrögð og aðferðir til að koma í veg fyrir ofbeldi. Foreldri fatlaðs barns komi og segi frá sinni upplifun af Reykjadal og tveir gestir sumarbúðanna komi sömuleiðis og segi frá sinni reynslu og leyfi spurningar úr sal. Stjórnendur Reykjaldals leiði starfsfólk í gegnum átta stöðvar sem hafi það markmið að fara yfir vinnureglur og kynna þeim aðstæður í Reykjadal. Þar fari ein stöðin meðal annars vel yfir öll skráningarblöð á skrifstofu og kynni ýmsar verkreglur og verkferla.

Þá kemur fram í svari SLF og Reykjadal vegna spurningar númer fjögur í beiðni GEV að þar sem stjórnendur Reykjadal hafi skort reynslu af atvikum er varði kynferðisofbeldi þegar fatlað fólk eigi í hlut hafi verið haft samband við tvo utanaðkomandi aðila til þess að fá leiðbeiningar. Örlitlu seinna hafi verið haft samband við réttindagæslumann fatlaðs fólks sem hafi leiðbeint um að hafa samband við lögreglu. Eftir að lögregla hafi komið á staðinn hafi jafnframt verið haft samband við annan réttindagæslumann fatlaðs fólks með hagsmuni starfsmanns C að leiðarljósi.

Í svari SLF og Reykjadal við spurningu númer fimm kemur fram að frá því að atvik átti sér stað og þar til lögregla mætti á staðinn hafi liðið rúmar [sic.] klukkustundir. Fyrsta skref hafi verið að hafa samband við foreldra barnsins, taka á móti þeim og fara yfir atvikið. Ráðlegging frá starfsmanni Reykjavíkurborgar hafi verið að senda starfsmann C af svæðinu. Í viðtali við foreldra hafi þeim verið bent á að fara með barnið á bráðadeild Landspítala. Á meðan á þessu stóð hafi foreldrar annarra barna verið á svæðinu en allir hafi átt að vera farnir klukkan 16:30. Örstuttu síðar hafi lögreglan komið. Þar sem ekki hafi

verið fyrir hendi verkferlar sem gáfu skýr fyrirmæli um að hafa strax samband við lögreglu hafi ekki gefist ráðrúm til að ræða um aðkomu lögreglu. Það hafi því engin ákvörðun verið tekin um að hringja ekki í lögreglu þar sem lögreglan hafi verið komin á svæðið áður en sú umræða hafði verið tekin.

Í svari SLF og Reykjadal við spurningu númer sex í beiðni GEV kemur fram að SLF taki atvikinu mjög alvarlega. Stjórnendur Reykjadal hafi farið á námskeið í október 2022 sem sé ætlað þeim sem beri ábyrgð eða þjóni börnum og unglingum. Allt starfsfólk Reykjadal fái fræðslu um kynferðisofbeldi á undirbúningsnámskeiði fyrir sumarið 2023. Unnið sé að gerð verkferla með leiðsögn frá sérfræðingi Barnaheilla og sé reiknað sé með að þeir verði tilbúnir í nóvember 2022. Framangreindir ferlar verði áberandi í allri fræðslu til starfsfólks sem og í handbók starfsfólks Reykjadal.

3.2 Eftirlitsskýrsla fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar

Líkt og að framan greinir barst GEV skýrsla fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar, dags. 30. ágúst 2022, frá SLF þar sem meðal annars kemur fram að tvær eftirlitsheimsóknir hafi farið fram í Reykjadal sumarið 2022. Í skýrslunni kemur fram að 36 börn hafi dvalið í Reykjadal þann 14. júlí 2022 en 17. ágúst 2022 hafi þau verið 33. Fjöldi starfsmanna, auk forstöðumanns, hafi báða dagana verið 21. Starfsmenn í verndaðri vinnu hafi verið fjórir í fyrri heimsókninni og þrír í þeirri seinni. Þá kemur einnig fram í skýrslunni að forstöðumaður Reykjadal hafi sagt eftirlitsaðila í heimsókninni þann 17. ágúst 2022 frá hinu alvarlega óvænta atviki.

Í framangreindri skýrslu eru gerðar athugasemdir við viðbrögð starfsmanna Reykjadal við atvikinu þar sem ekki hafi verið til staðar viðbragðsáætlun ef upp kæmi grunur um kynferðislegt ofbeldi og ítrekað að nauðsynlegt væri að hafa ítarlega og skilvirka viðbragðsáætlun í alvarlegum málum sem þessum. Kemur fram að einungis séu til staðar viðbragðsáætlanir vegna slysa eða líkamlegs ofbeldis. Þá eru einnig gerðar athugasemdir við að fjölskyldusvið Mosfellsbæjar hafi ekki verið upplýst um atvikið fyrr en átta dögum eftir að það átti sér stað. Í skýrslunni er einnig greint frá athugasemdum lögreglu varðandi viðbrögð starfsmanna Reykjadal eftir að upp komst um atvikið, þ.e. að lögregla hafi ekki verið kölluð til um leið og upp komst um atvikið, gerandi hafi verið fluttur af svæðinu áður en lögregla kom á staðinn og að herbergi þolanda og rúmföt hafi verið þvegin.

3.3 Mótun frumskýrslu, samráð og athugasemdir vegna rannsóknar

Að lokinni greiningu og úrvinnslu framangreindra gagna var unnin frumskýrsla um hið alvarlega óvænta atvik sem var kynnt fyrir foreldrum barnsins á símafundi þann 20. janúar 2023. Á þeim fundi óskuðu foreldrar barnsins eftir því að fá skýrsludrögin afhent og fá að koma að athugasemdum. Með vísan til þess er fram kemur í athugasemdum við 3. mgr. 12. gr. laga sem fylgdu frumvarpi til laga um GEV, um samráð við þolanda og alla hlutaðeigandi, var frumskýrslan send í umsagnarferli og foreldrum barnsins og SLF gefinn kostur á að koma að athugasemdum við skýrsludrögin.

3.3.1 Athugasemdir foreldra barns

Þann 6. febrúar 2023 bárust GEV athugasemdir frá foreldrum barnsins við frumskýrslu GEV. Athugasemdir foreldra barnsins við skýrsludrög GEV voru eftirfarandi:

- Það voru ekki starfsmenn Reykjadalsskólans eða Styrktarfélagsskólans lamaðra og fatlaðra (SLF) sem kölluðu til lögreglu heldur móðir barnsins. Í samtölum foreldra þolanda við starfsmenn Reykjadalsskólans og framkvæmdastjóra SLF daginn eftir brotið, kom í ljós að framkvæmdastjóri SLF hafði enn fremur lagt gegn því að hringt yrði í lögregluna þegar yfirmenn í Reykjadal spurðu [...] hvort þeir ættu að gera það. [...] Þetta er rangt hið rétta er að ekki var búið að hafa samband við lögreglu þegar við foreldrar komum að sækja [...]. Lögregla var ekki kölluð á staðinn fyrr en móðir hefur samband við neyðarmóttöku kynferðisbrota til að afla sér upplýsinga um hvort þurfi að fara með þolanda í lækni skoðun. Móðir hafði spurt starfsfólk Reykjadalsskólans sem tók á móti okkur foreldrum en það voru [...] en þau vissu ekki hvort það þurfti en ráðlögðu okkur samband við neyðarmóttöku kynferðisbrota. Móðir hafði samband við neyðarmóttöku kynferðisbrota sem ráðlagði móður að hafa samband við 112 og í því símtali er haft samband við barnavernd sem hefur samband við lögreglu. Lögreglan getur staðfest þetta og krefjumst við þess að þessu orðalagi á atburðarás verði leiðrétt í skýrslunni.*
- Þann 10. ágúst daginn eftir að brotið er á [...] förum við hjónin að sækja hjólið [...]. Í þeirri heimsókn hittum við [...] á ganginum í Reykjadal. Þar kemur fram að starfsmaður Reykjadalsskólans hafi keyrt geranda heim þannig að við lítum svo á að starfsmenn Reykjadalsskólans hafi hjálpað til við að koma geranda af vettvangi glæps. Við förum einnig fram á að þetta komi fram í skýrslunni.*
- [...] Við viljum vita hvort skýrsluhöfundar hafi haft samband við lögreglu til að fá hennar hlið á málinu eða hvort eingöngu hafi verið stuðst við frásögn starfsmanna Reykjadalsskólans og SLF. Að okkar mati er nauðsynlegt að lögregla fái tækifæri til að lýsa þeim mistökum sem starfsmenn gerðu þennan dag, hvernig þeir brugðust skyldu sinni með því að kalla ekki til lögreglu strax, hvernig þeir spilltu vettvangi og komu geranda af vettvangi. Okkur finnst ekki nóg að hafa samband við fjölskyldusvið Mosfellsbæjar vegna þess að við teljum að nauðsynlegt sé að leita beint til lögreglu sem fyrstu heimildar.*
- [...] Við gerum alvarlegar athugasemdir við aldur og reynsluleysi starfsmanna. Stór hluti þeirra er um tvítugt og hefur hvorki þroska né reynslu til að taka á alvarlegum málum sem kunna að koma upp. Gera þarf ríkari kröfur um menntun, reynslu og þjálfun starfsmanna.*
- Hvað gerðu starfsmenn Reykjadalsskólans til að upplýsa aðra foreldra um það sem gerst hefði? Gerandi hafði unnið í samarbúðunum um nokkurt skeið og því hætt við að fleiri börn gætu hafa orðið fyrir ofbeldi af [...] hálfu. Að okkar mati ber starfsmönnum Reykjadalsskólans skylda til að upplýsa aðra foreldra um það til að þeir geti kannað hvort börn þeirra hafi orðið fyrir slíku ofbeldi.*
- Við gerum athugasemdir við að ekki hafi verið haft samband við okkur og við fengin til að lýsa okkar hlið á málinu með formlegum hætti. Full ástæða*

- er til að ætla að [...] SLF og starfsmenn Reykjadalshöfnar reyni að fegra sinn hlut í málinu. Nú þegar er ljóst að þeir hafa logið til um að hafa kallað til lögreglu.
7. Vissu skýrsluhöfundar að ekki hafi verið haft samband við föður þolanda þegar ekki náðist í móður [...]? Hefði ekki verið ástæða til að spyrja starfsmenn Reykjadalshöfnar út í þessi atriði? Í skýrslunni er því haldið fram að haft hafi verið samband við foreldra barnsins. Það er rangt. Eingöngu var haft samband við móður þess.
 8. [...] Við vitum ekki til þess að þetta brot hafi verið tilkynnt til réttindagæslumanna en [...] var ekki úthlutað slíkum manni. [...] var úthlutað réttargæslumanni af lögreglu sem er allt annað. Hver átti að sjá um þetta og af hverju var þetta ekki gert? Móðir hafði samband við réttindagæslumenn fatlaðs fólks þ. 9. janúar 2023 eftir ráðleggingum ráðgjafa hjá Stígamótum í desember sem móðir hefur hitt reglulega til að vinna úr áfallinu. Okkur var ekki boðið að fá réttindagæslumenn heldur þurftu foreldrar að leitast eftir því eins og öllu frá upphafi í þessu máli.
 9. Við krefjumst þess að réttargæslumaður [...], [...], fái að lesa yfir skýrsluna þar sem [...] fylgdist með vitnisburði [...] í Barnahúsi og getur metið sannleiksgildi frásagnar starfsmanna Reykjadalshöfnar á atburðarásinni. Að því er virðist er eingöngu stuðst við frásögn þeirra í þessari skýrslu og því hætt við að hún sé ekki óhlutdræg.
 10. SLF rekur einnig sumardvöl fyrir fötluð börn í Holti í Skagafirði. Ítreka þarf að nýjar verklagsreglur verði einnig teknar upp þar, ekki aðeins í Reykjadal, og þeim fylgt eftir. Einnig þarf að taka út mönnun, fjölda og aldur starfsmanna þar.
 11. Ein af meginbrotalömmum í starfi Reykjadalshöfnar er að þar var engin viðbragðsáætlun til við kynferðisofbeldi. Við þekkjum ekki hvort þess sé krafist samkvæmt núverandi lögum eða reglugerðum en teljum fullt tilefni til slíkrar lagasetningar, það er að segja að þeir sem standi í rekstri sumarbúða fyrir ungmenni eða standi í sambærilegum rekstri séu skyldugir til að hafa slíka áætlun og fræða starfsmenn um hana. Hvetjum við því Gæða- og eftirlitsnefnd velferðarmála að knýja á um það við löggjafann að koma slíkri lagasetningu á eða hnykkja betur á þessu í nágildandi lögum.
 12. Á fundi með [...] SLF og [...] í Reykjadal degi eftir brotið, bauðst [...] SLF til að félagið myndi greiða sálfræðikostnað sem þolandi og aðstandendur þyrftu að standa straum af vegna málsins. Það lýsir vanþekkingu á málaflokknum enda er það hlutverk Barnaverndar að sjá til þess að bæði þolandi og aðstandendur fái viðeigandi aðstoð.
 13. Á fundi foreldra þolanda með [...] Reykjadalshöfnar daginn sem brotið átti sér stað, hafði [...] á orði að [...] [...] væru sérstaklega útsett[...] fyrir kynferðisofbeldi. Þau orð komu illa við foreldra enda fannst þeim að í þeim lægi einhvers konar réttlætning á því sem gerst hafði. Er þetta til marks um óvönduð viðbrögð við málinu.

Líkt og fram kemur í inngangi skýrslunnar er markmið rannsóknar GEV á alvarlegu óvæntu atviki samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um GEV afmarkað við að leita skýringa á því hvers vegna hið alvarlega óvænta atvik átti sér stað til að koma í veg fyrir sambærileg atvik. Markmið rannsóknar GEV miðar því ekki að því að rannsaka refsiverða háttsemi eða leiða

Í ljós ábyrgð tiltekinna einstaklinga við úrvinnslu á atviki, það er á ábyrgð lögreglu og eftir atvikum dómstóla. Með hliðsjón af framangreindu gat stofnunin því ekki tekið efnislega afstöðu til alls þess er kom fram í athugasemdum foreldra við skýrsludrögin. Í skýrslunni hefur verið tekið tillit til ofangreindra athugasemda foreldra eins og frekast var unnt með vísan til tilgangs rannsóknar GEV samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um GEV, t.a.m. að haft var samband við móður barnsins þegar upp komst um hið alvarlega atvik, það hafi verið móðir sem hringdi á lögreglu og hafði samband við neyðarmóttöku Landspítala, þá hafi verið óskað eftir upplýsingum frá lögreglu um tiltekin atriði. Þá tekur GEV einnig undir með foreldrum að gera þurfi kröfur um menntun, reynslu og þjálfun starfsmanna í Reykjadal, sbr. kafli nr. 4.2 hér að neðan. Var farið yfir framangreint með foreldrum barnsins á fundi sem haldinn var þann 30. mars 2023.

3.3.2 Athugasemdir réttindagæslumanns fatlaðs fólks

Þann 21. febrúar 2023 bárust GEV athugasemdir frá réttindagæslumanni fatlaðs fólks þar sem meðal annars er gagnrýnt að GEV hafi ekki leitað eftir upplýsingum frá réttindagæslunni er varðar aðkomu réttindagæslunnar að hinu alvarlega óvænta atviki. GEV harmar framangreint. Hefur stofnunin nú farið yfir verkferla vegna vinnslu á tilkynningum um alvarleg óvænt atvik og mikilvægi þess að réttindagæslumaður fatlaðs fólks eigi aðkomu þegar alvarleg óvænt atvik varða grun um brot gegn réttindum fatlaðs fólks.

3.3.3 Athugasemdir frá SLF

Með tölvupósti til forstjóra GEV, dags. 3. febrúar 2023, upplýsti framkvæmdastjóri SLF að félagið gerði ekki athugasemdir við frumskýrslu GEV sem félagið fékk til umsagnar þann 20. janúar 2023.

Þann 17. febrúar 2023 móttók GEV gögn í tölvupósti frá framkvæmdastjóra SLF um mönnun í Reykjadal, fræðsluáætlun er varðar kynferðislegt ofbeldi og fatlað fólk sem og drög að verkferlum vegna kynferðisbrota. Voru framangreind gögn send í samræmi við tilmæli sem sett höfðu verið fram af hálfu GEV í framangreindri frumskýrslu sem var send félaginu 20. janúar 2023.

Þann 29. mars 2023 fundaði GEV með fulltrúum SLF og Reykjadals þar sem farið var yfir stöðu rannsóknarinnar. Á þeim fundi kom fram formleg beiðni félagsins um að fá að koma að sjónarmiðum SLF og Reykjadals varðandi tiltekin atriði í skýrslunni. Upphaflega hafi félagið ekki talið þörf á að leiðrétta ákveðnar rangfærslur í drögnum en í kjölfarið af fjölmiðlaumfjöllun, þar sem vísað hafði verið beint í drögin, taldi félagið nauðsynlegt að fá að leiðrétta umræddar rangfærslur. Taldi GEV rétt að veita félaginu skamman frest til að koma að athugasemdum þess við skýrsludrögin.

Athugasemdir SLF, dags. 10. apríl 2023, voru eftirfarandi:

Styrktarféla (sic.) lamaðra og fatlaðra fékk til umsagnar drög að skýrslu "Rannsókn vegna alvarlegs óvænts atviks í Reykjadal". Þegar farið var yfir

skýrsluna var það meginmarkmið okkar að skoða tilmæli til úrbóta sem við tókum alvarlega og bregðast við því sem farið er fram á. Tókum ekki afstöðu til nokkrra atriða sem ekki voru allskostar rétt. Eftir fjölmiðlaumfjöllun sem vitnað er í skýrsludrögin sáum við okkur ekki annað fært en að koma okkar sjónarmiðum á framfæri og óskum eftir að tekið verði tillit til þeirra í skýrsludrögum. Aðalmarkmið okkar var að verða við tilmælum og gera enn betur en verið hafði og koma í veg fyrir að svona atvik kæmi fyrir aftur.

Vegna umræðu sem hefur átt hefur stað um atvikið sjáum við okkur knúin að fá að gera nokkrar athugasemdir við drögin til að gera skýrsluna betur úr garði:

Eftirlitsskýrsla fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar. Í skýrslunni kemur fram að lögregla hefði ekki verið kölluð til fyrr en meintur gerandi hafi verið fluttur af staðnum. Á þessu má skiljast að starfsmaður Reykjadalshafi kallað til lögreglu. Skýrt kemur fram í svari til stofnunarinnar að það hafi ekki verið gert. Þrátt fyrir viðamikla starfsmannahandbók vantaði í hana hvernig fara eigi með ef fatlaður gerandi á í hlut. Það voru því augljós mistök sem búið er að setja inn í nýja verkferla. Talið var að með því að benda foreldrum [...] á að fara á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis og tilkynna málið tveimur réttargæslumönnum færi af stað ferli þar sem bæði barnaverndarnefnd og lögreglu væri tilkynnt um málið. Í engu var leynt umfram það að gæta hagsmuna þolanda og geranda í hvívetna.

Einnig kemur fram í skýrslu fjölskyldusviðs að rúmföt og herbergi þolanda hafi verið þegin og því dregið úr möguleikum á að rannsaka málið tilhlýðilega. Þetta er ekki allskostar rétt. Lök voru tekin af og sett í þvottahús en ekki þvegin. Rúmföt eru eign dvalargests og voru sett í tösku viðkomandi og því ekki þvegin. Herbergið er ekki ræst fyrr en daginn eftir. Lögreglan taldi í samtali við forstöðumann eftir að farið var yfir málið að ekki væri ástæða til taka lök til rannsóknar. Tekið skal fram að lögreglu var boðið að taka lök til rannsóknar.

Vegna liðar 2 í niðurstöðu rannsóknar viljum við taka fram að við teljum okkur vera með mjög öfluga og góða starfsmannahandbók en í hana vantaði eftir sem áður hvað skal gert þegar gerandi er fatlaður sem búið er að bæta úr núna. Á starfsmannanámskeiði og yfir sumarið fer fram töluverð umræða um mál sem tengjast kynferðismálum og fötluðu fólki. Verður lögð enn meiri áhersla á það fyrir komandi sumar.

Við vinnslu og greiningu á fram komnum athugasemdum frá foreldrum barnsins og SLF taldi GEV nauðsynlegt að afla upplýsinga frá lögreglunni varðandi nánar tiltekin atriði, sbr. kafli 3.3.4.

3.3.4 Upplýsingar frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Með vísan til 1. mgr. 15. gr. laga um GEV óskaði stofnunin eftir svörum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu við neðangreindum spurningum með tölvupósti þann 14. apríl 2023, þar sem misræmi var á milli fyrirbyggjandi gagna sem stofnunin aflaði og framangreindra athugasemda sem bárust stofnuninni frá hlutaðeigandi aðilum. GEV bárust svör frá lögreglu þann 24. apríl sl.

1. *Klukkan hvað berst neyðarlínu símtal um atvikið þann 9. ágúst 2022?*
Kl. 16:59:39.
2. *Er skráð hver hringdi vegna atviksins í neyðarlínuna þann 9. ágúst 2022?*
Skráður rétt hafi símanúmers sem hringt var úr er [...]. Hringt var frá [...].
3. *Er fleira en eitt símtal skráð til neyðarlínunnar vegna atviksins þann 9. ágúst 2022?*
Það er ekki skráð hjá lögreglu.
4. *Er skáð klukkan hvað lögregla kom á staðinn (sumarbúðir í Reykjadal) þann 9. ágúst 2022?*
Nei ekki nákvæm tímasetning. Það er hins vegar bókað í dagbók málsins að kl. 17:54 eru lögreglumenn sendir í Reykjadal. Lögreglumenn sem fóru á vettvang tóku skýrslur af starfsmönnum. Fyrsta skýrslutakan hefst klukkan 18:13.
5. *Í athugasemdum sem GEV hafa borist kemur fram að starfsmaður Reykjadalshafi boðið lögreglu að taka lak (öll lök) til rannsóknar sem lögregla hafi ekki talið þörf á því. Er það rétt?*
Þegar lögreglan kom á vettvang var búið að taka lök af öllum rúmum í húsinu og setja saman í eina hrúgu. Í ljósi þessa var sú ákvörðun tekin í samráði við sérfræðing tæknideildar lögreglu að ómögulegt væri með öllu að finna nothæf lífsýni. Af þeim sökum voru engin lök tekin.

Með tölvupósti, dags. 4. maí 2023, óskaði GEV eftir frekari upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Óskaði stofnunin eftir upplýsingum um það hvort lögregla hafi gert athugasemdir við viðbrögð starfsmanna Reykjadalshafi eftir að upp komst um atvikið, þ.e. að starfsmaður C hefði verið fluttur af svæðinu áður en lögregla kom á staðinn og að herbergi barnsins og rúmföt höfðu verið þvegin, líkt og segir í eftirlitsskýrslu fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar, sbr. kafli 3.2 hér að framan.

Í svari lögreglunnar sem barst þann sama dag, 4. maí 2023, kemur fram að framangreint komi hvergi fram í gögnum lögreglunnar, a.m.k. ekki með þessu orðalagi. Hins vegar komi fram að eitt vitni (starfsmaður) hafi greint frá því í skýrslutöku að lögregla hafi sagt að betra hefði verið ef rúmföt hefðu ekki verið fjarlægð af rúmum.

4. Niðurstöður

Með vísan til framangreindra gagna og upplýsinga sem GEV aflaði við rannsókn málsins liggur fyrir skýring á hinu alvarlega óvænta atviki. Hefur stofnunin því í skýrslu þessari sett fram tillögur að umbótum til að koma í veg fyrir sambærileg atvik. Þá varð að mati GEV alvarlegur misbrestur á fyrstu viðbrögðum starfsmanna Reykjadal þegar upp komst um hið alvarlega óvænta atvik. Til að tryggja gæði þjónustunnar sem veitt er í Reykjadal hefur stofnunin ákveðið að stofna til frumkvæðiseftirlits.

4.1 Skýringar á hinu alvarlega óvænta atviki

Við rannsókn GEV var leitað skýringa á hinu alvarlega óvænta atviki með það að markmiði að koma í veg fyrir að sambærileg atvik eigi sér stað, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um GEV. Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við rannsókn á atvikinu verður ekki annað séð en að skýring þess að umrætt atvik átti sér stað er að margþættur og alvarlegur misbrestur varð í starfsemi Reykjadal þegar bæði barnið og umræddur starfsmaður C voru án eftirlits starfsmanna í skamma stund á heimfarardegri þann 9. ágúst 2022, þegar miklar annir voru í starfsemi Reykjadal.

4.2 Umbætur til að koma í veg fyrir sambærilegt atvik

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að til að koma í veg fyrir að sambærilegt atvik eigi sér stað þurfi að tryggja í starfsemi Reykjadal að börn sem þar dvelja og starfsmenn í verndaðri vinnu séu ekki án eftirlits. Þá þurfa skýrar verklagsreglur að vera til staðar sem kveða á um hvernig því eftirliti skuli nákvæmlega háttað í starfsemi Reykjadal, sér í lagi á háannatíma.

Að mati GEV er mikilvægt að þeir sem bera ábyrgð á sumardvöl fatlaðra barna í Reykjadal, sem þurfa sérstaka þjónustu, endurskoði hvort starfsmannafjöldi taki nægilega mið af umönnunarþyngd og álagspunktum í starfseminni. Þannig skal tryggja að þjónustan sé í samræmi við lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Brýnt er að viðeigandi mönnun sé tryggð í Reykjadal í þeim tilgangi að þjónustupörfum hvers og eins notanda sé ávallt mætt.

Að mati GEV er viðeigandi og rétt mönnun afar mikilvægt skref í að stuðla að því að gæði þjónustu sem veitt er í Reykjadal haldist stöðug og þannig verði öryggi og velferð barna og ungmenna sem þar dvelja ekki ógnað þegar miklar annir eru í starfseminni. Með vísan til framangreinds tekur GEV undir þau sjónarmið foreldra barnsins að reynt sé eftir fremsta megni að tryggja að starfsmenn Reykjadal séu hæfir til að sinna þörfum þeirra barna sem dvelja í Reykjadal meðal annars m.t.t. aldurs, reynslu og menntunar. Þannig sé tryggt að starfsemin sé í samræmi við 23. gr. reglugerðar nr. 366/2005, um vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga (sumarbúðir o.fl.), sbr. einnig reglugerð nr. 1665/2022, um breytingu á reglugerð um vistun barna á

vegum barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga (sumarbúðir o.fl.), nr. 366/2005.

4.3 Umbætur til að tryggja rétt viðbrögð í kjölfar alvarlegs óvænts atviks

Þrátt fyrir að rannsókn samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um GEV snúi alla jafna ekki að málsmeðferð og úrvinnslu eftir að alvarlegt óvænt atvik á sér stað heldur miði að því að leita skýringa á atviki svo það endurtaki sig ekki, telur stofnunin óhjákvæmilegt, með vísan til þeirra gagna sem aflað var við rannsókn á atvikinu, að benda á að viðeigandi verkferla hafi með öllu skort, um fyrstu viðbrögð starfsfólks Reykjadal og hvernig bregðast skyldi við eftir að atvikið komst upp. Vegna þess hafi viðbrögð stjórnenda Reykjadal verið ómarkviss og einkennst af þekkingarleysi en t.a.m. hafi fyrst verið haft samband við hina ýmsu aðila til að fá leiðbeiningar um hvað ætti að gera þegar fatlaðir einstaklingar eigi í hlut, í stað þess að hafa tafarlaust samband við lögreglu, foreldra barns og barnavernd. Þá hafi verið farið eftir ráðleggingum frá utanaðkomandi aðila um að færa starfsmann C af vettvangi áður en haft var samband við lögreglu og kom lögregla því ekki að þeirri ákvörðun. Enn fremur hafi lök verið tekin af rúmum og þau sett saman í hrúgu áður en lögregla kom á staðinn. Allt framangreint er að mati stofnunarinnar ámælisvert.

Þá liggur einnig fyrir að í stað þess að tilkynna atvikið formlega til réttindagæslumanns hafi forstöðumaður Reykjadal óskað óformlega eftir samtali við réttindagæslumann í gegnum samskiptaforrit til að fá leiðbeiningar. Þá virðist af gögnum málsins sem þær upplýsingar sem fram komu í samtali milli forstöðumanns og réttindagæslumanns, um mikilvægi þess að réttindagæslan ætti aðkomu að málinu, hafi ekki skilað sér til foreldra barnsins. Verður að mati GEV að koma skýrt fram í verkferlum að tilkynna þurfi réttindagæslumanni með formlegum hætti um alvarlegt atvik sem beinist gegn réttindum fatlaðs einstaklings og að foreldrar séu einnig upplýstir um það. Þá ítrekar GEV að mikilvægt er að starfsmenn fái fræðslu og þjálfun varðandi framangreind viðbrögð.

Til að tryggja að framangreint endurtaki sig ekki telur GEV nauðsynlegt að í starfsemi Reykjadal séu til staðar skýrir verkferlar um fyrstu viðbrögð starfsmanna þegar upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi gagnvart fötluðu barni, sem fela það m.a. í sér að haft sé tafarlaust samband við lögreglu og réttindagæslu fatlaðs fólks, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Að lokum er mikilvægt að verkferlar innihaldi skýr fyrirmæli þess efnis að alvarleg óvænt atvik skuli tilkynnt tafarlaust til GEV. Á þessu varð misbrestur enda atvikið ekki tilkynnt fyrr en þremur dögum eftir að það komst upp að áeggjan GEV.

4.4 Eftirfylgni í kjölfar rannsóknar GEV á alvarlegu óvæntu atviki

Á fundi GEV með forsvarsmönnum SLF og Reykjadal þann 29. mars 2023 kom meðal annars fram að vinna sé hafin við að útbúa þá verkferla sem ekki voru til þegar hið

alvarlega óvænta atvik átti sér stað. Þá sé einnig stefnt að því að fræða og þjálfa starfsfólk fyrir komandi sumar í réttum viðbrögðum ef upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum sem dvelja í Reykjadal.

Í ljósi þess hve alvarlegur misbrestur varð á fyrstu viðbrögðum starfsmanna og stjórnenda í Reykjadal og SLF í kjölfar þess að upp komst um hið alvarlega óvænta atvik er að mati GEV fullt tilefni til að hefja frumkvæðiseftirlit í kjölfar rannsóknar GEV á hinu alvarlega atviki, í þeim tilgangi að tryggja að framangreind vinna sem nú er hafin af hálfu SLF og Reykjadals, sbr. framangreint, muni skila tilætluðum árangri, í þeim tilgangi að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem veitt er í Reykjadal, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga um GEV. Voru stjórnendur SLF og Reykjadals upplýstir um framangreinda ákvörðun á fyrrgreindum fundi þann 29. mars 2023. Vinna við frumkvæðiseftirlit GEV á starfseminni í Reykjadal er nú í forgangi hjá stofnuninni. GEV hefur m.a. fengið upplýsingar um mönnun í Reykjadal í sumar og hvernig tryggt verður að starfsmannafjöldi taki nægilega mið af umönnunarþyngd og álagspunktum í starfseminni. Þá hefur stofnunin fengið upplýsingar um innleiðingu verkferla um fyrstu viðbrögð starfsmanna þegar upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi gagnvart barni sem dvelur í Reykjadal sem og fræðslu og þjálfun í beitingu verkferlanna. Vinna stendur því yfir með forsvarsmönnum SLF og forstöðumanni sumarbúðanna til að ræða m.a. hvort frekari úrbóta sé þörf og verður því fylgt eftir af hálfu GEV með það að markmiði að tryggja örugga þjónustu til framtíðar.